

Fræðsluátakið "Hættan er ljós": Varað við því að fermingarbörn fari í ljós

Í dagblöðunum í morgun birtist auglýsing frá Geislavörnum ríkisins, Landlæknisembættinu, Krabbameinsfélaginu og Félagi íslenskra húðlækna þar sem varað er við því að fermingarbörn fari í ljós. Sagt er í auglýsingunni að brúnn húðlitur eftir ljósabekki og sólboð geti verið merki um skemmdir í húðinni sem leiða til ótímabærrar öldrunar húðarinnar og jafnvel húðkrabbameins. Jafnframt kemur fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og fleiri hafi ráðlagt þeim sem eru yngri en 18 ára að fara ekki í ljósabekki. Í lok auglýsingarinnar eru foreldrar og forráðamenn fermingarbarna eindregið hvattir til að hafa þetta í huga.

Reikna má með að á árinu 2004 muni um 80 Íslendingar fá sortuæxli og þar af um 50 svokölluð ífarandi sortuæxli, sem eru alvarlegra form en staðbundnu æxlin. Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins greinast einnig um 170 manns á ári með svonefnd grunnfrumuæxli í húð. Yngstu sjúklingarnir eru á tvítugsaldri. Tíðni húðæxla í heild hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum. Sortuæxlum hefur fjölgað mest, en þau eru alvarlegasta tegund húðkrabbameins og algengasta krabbameinið hjá konum á aldrinum 15-34 ára.

Mikilvægt er að fara til læknis ef fram koma breytingar á húð eins og blettir sem stækka, eru mislitir eða ójafnir að lögun, og sár sem ekki gróa. Á flestum heilsugæslustöðvum og í mörgum apótekum er hægt að fá fræðslurit um húðkrabbamein. Húðlæknar stefna að því að bjóða ókeypis blettaskoðun í maí, og verður það tilkynnt nánar síðar.

Vefsíður:

Cutis, vefur um húðlækningar og rannsóknir á húðsjúkdómum.

www.cutis.is

Geislavarnir ríkisins.

www.geislavarnir.is

Krabbameinsfélagið.

Upplýsingasíða um húðkrabbamein.

<http://www.krabb.is/190.htm>

Krabbameinsfélagið.

Húðkrabbamein og fæðingarblettir. Fræðslurit.

<http://www.krabb.is/pdf/frithudk.pdf>

Landlæknisembættið.

Spurningar og svör um húðina, sól og húðkrabbamein.

<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?PageID=305>

Fréttir:

Tuttugu mínútur í ljósum jafngilda fjórum klukkustundum í sólbaði. BBC, 22. september 2003.

<http://news.bbc.co.uk/1/hi/health/3128466.stm>

Breska læknafélagið varar fólk við að fara í ljós. BBC, 10. apríl 2003.

<http://news.bbc.co.uk/2/hi/health/2935875.stm>

Lítið eftirlit með sólbaðsstofum. Aftonbladet, 30. mars 2003.

<http://www.aftonbladet.se/vss/nyheter/story/0,2789,283923,00.html>

Ljósabekkir auka hættu á krabbameini. BBC, 6. febrúar 2002.

<http://news.bbc.co.uk/1/hi/health/1803105.stm>